

Um “Betri byggð á Kársnesi”

Forsagan

Mikil óánægja ríkir meðal íbúa á Kársnesi með fyrirhugað framtíðarskipulag á nesinu sem kynnt var á fundi í Salnum í desember 2006.

Athugasemdir íbúa

Fjöldi athugasemda var sendur inn til bæjarins frá íbúum. Þær beinast einkum að eftirfarandi:

- 1. Stórskipahöfn** – höfnin og tengd starfsemi hentar illa umhverfi og skipulagi Kársness
- 2. Atvinnusvæði á uppfyllingu** – mannvirki tengd hafnarstarfseminni á gríðarstórri uppfyllingu eiga ekki samleið með núverandi íbúðabyggð og eru sóun verðmætum lóðum.
- 3. Íbúafjölgun** – of mikil íbúafjölgun veldur of miklu álagi á innviði hverfisins og háreistar byggingar falla illa að ásýnd hverfisins og skerða útsýni
- 4. Umferðaraukning** – flutningar tengdir höfninni og aukin umferð vegna íbúafjölgunar veldur of miklum umferðarpunga á Kársnesbraut og öðrum stoðbrautum hverfisins auk þess að hafa í för með sér mengun og slyshættu.

Viðbrögð Kópavogsbæjar

Í apríl 2007 barst þeim sem sendu bænum athugasemdir skalið “Umsagnir um athugasemdir”. Í því skali er fátt um úrbætur og nýleg ummæli forsvarsmanna bæjarins gefa til kynna að þeir séu ekki meðvitaðir um óánægju íbúanna.

Samtökin “Betri byggð á Kársnesi”

Hópur áhugasamra íbúa um skipulag á Kársnesi hefur stofnað samtökin “Betri byggð á Kársnesi”. Hópurinn boðaði alla sem sendu inn athugasemdir við skipulag á Kársnesi til stofnfundar samtakanna þann 27. júní 2007.

Tilgangur og markmið

Tilgangur samtakanna er að bæta lífsgæði íbúa á Kársnesi. Fyrst um sinn verður markmið samtakanna að koma í veg fyrir skaða íbúa á Kársnesi af fyrirhuguðu skipulagi með því að:

- 1) Fá bæjaryfirvöld í Kópavogi til að falla frá áformum um stórskipahöfn og tengdar framkvæmdir á uppfyllingu.
- 2) Koma í veg fyrir stórfellda íbúafjölgun á Kársnesi.

Áskorun til íbúa Kársness

Samtökin skora á alla íbúa á Kársnesi að kynna sér fyrirhugaðar skipulagshugmyndir og áhrif þeirra. Ennfremur hvetja samtökin alla sem eru mótfallnir hugmyndunum að láta álit sitt í ljós með virkum hætti, s.s. með því að setja upp mótmælaborða, skrifa undir mótmæli á heimasíðu samtakanna*, koma á framfæri mótmælum við kjörna fulltrúa/embættismenn bæjarins, mæta á fundi á vegum samtakanna og hvetja nágranna til að gera slíkt hið sama. Síðast en ekki síst eru allir Kársnesingar hvattir til að senda Skipulagsstjóra Kópavogs athugasemdir við aðal- og deiliskipulag fyrir auglýstan frest þann 21. ágúst n.k.

* Vefurinn www.karsnes.is fer í loftið fyrir 10. júlí n.k.